

Nd.

32. Frumvarp til laga

[32. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Ragnar Guðleifsson.

1. gr.

1. másl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 70 millj. kr., er endurgreiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ úr hafnarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur varð til með lögum nr. 25 23. apríl 1946. Hafnarsvæðið var takmarkað milli Vatnsness, er liggur sunnan að Keflavíkurhöfn, og Hákotstanga, er liggur suðaustan að Njarðvíkurhöfn, eða Vatnsnesvík og Njarðvík, svo og strandlengjan þar á milli.

Á þessu svæði eru nú hafnarmannvirki við Vatnsnes og í Ytri-Njarðvík. Við Vatnsnes er um 200 m langur hafnargarður, sem skýlir fyrir norðan- og austanátt, en í suðaustanátt er höfnin illa varin og því engan veginn örugg. Í Ytri-Njarðvík er 100 m langur hafnargarður, er skýlir fyrir norðan- og austanátt, en höfnin er óvarin fyrir suðaustanátt, og þar sem hafnargarðurinn er ekki lengri, er lega við hann ekki örugg.

Síðan 1946, að landshöfnin keypti hafnarmannvirkin við Vatnsnes af Keflavíkurhreppi, hefur hafnargarðurinn þar verið lengdur um 70 m og bryggjur byggðar í höfninni. Á sama tíma hefur nokkuð verið unnið að hafnarmannvirkjum í Ytri-Njarðvík, en þó miklu minna.

Hafnarsvæði landshafnarinnar liggur í tveimur sveitarfélögum, og er því ekki að leyna, að það hefur átt sinn þátt í því, að framkvæmdir við að gera þessa landshöfn að veruleika hafa dregið lengur en æskilegt hefði verið og upphaflega var ætlað.

En nú hefur verið brotið blað í sögu þessarar hafnar, því að aðilar þeir, sem hér eiga hlut að máli, landshafnarstjórn og sveitarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, hafa komið sér saman um framkvæmdaáætlun, er landshafnarstjórn samþykkti 1959 um byggingu hafnarinnar og kemur fram í eftirfarandi ályktun, er samþykkt var á sameiginlegum fundi landshafnarstjórnar, bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Njarðvíkur, sem haldinn var í Keflavík 29. sept. s. l.

„Fundurinn lýsir einhuga stuðningi við verkáætlun landshafnarstjórnar frá 1959 um byggingu hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, „að hægt verði að afgreiða samtímis við góð skilyrði: 1) þrjú flutningaskip, 2) tuttugu og fimm fiskibáta, af stærðum allt að 150 tonn, 3) að séð verði fyrir geymsluplássi innan hafnar fyrir allt að 150 fiskibáta af stærðum 75 til 150 tonn.“

Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu fjórum árum.

Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 milljónir króna, svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori.“

Þótt það komi ekki fram í þessari ályktun, þá sýnir tillöguuppdráttur, sem verkáætlun þessari fylgir, að aðalframkvæmdin er fólgin í því að gera örugga bátahöfn í Ytri-Njarðvík, jafnhliða því að bæta sem mögulegt er afgreiðsluskilyrðin innan hafnarinnar við Vatnsnes.

Sjómennirnir, sem sækja á miðin við Suðurnes og leggja upp aflann í þessari höfn, þekkja bezt, hve ófullkomin höfnin er og öryggi þar lítið. Auk þess er rými hafnarinnar mjög takmarkað. Einkum er það áberandi nú hin síðustu ár, er bátarnir hafa stækkað úr 40—50 smálestum í 70—250 smálestir. Bátunum fjölgar einnig árlega.

Það sýnir ljósast, hve þörfin er brýn á stærri og öruggari höfn, að þrátt fyrir hinar erfiðu aðstæður til löndunar mun óviða meira aflamagn koma á land. Á árinu 1961 var landað í landshöfninni 50 þús. smálestum af nýjum fiski, þar með taldar 19 þús. smál. af sild. Er það 50% aukning frá árinu áður. Þetta magn er um 8.5% af heildarafla landsmanna það árið. Á síðastliðinni vetrarvertíð voru gerðir út 55 vélbátar frá Keflavík og Njarðvíkum, og daglega voru afgreiddir 70—105 bátar í höfninni. Þar sem eigi er hægt að afgreiða nema 10—12 báta samtímis við beztu skilyrði og við lakari skilyrði aðeins 3—6 báta, þá er auðsætt, að oft verða bátar að biða eftir löndun tímum saman.

En höfnin er ekki aðeins löndunarhöfn fyrir fiskiflotann. Hún er einnig útflutningshöfn og þá ekki aðeins fyrir Keflavík og Njarðvíkur, heldur einnig fyrir öll Suðurnesin. Í höfninni við Vatnsnes eru svo að segja á hverjum degi flutningaskip, sem flytja út sjávarafurðir. Á síðastliðnu ári komu til hafnarinnar og fengu afgreiðslu 344 flutningaskip, sem fluttu út 33500 tonn, að útflutningsverðmæti 360 milljónir króna eða 12% af öllum útflutningi sjávarafurða landsmanna það árið.

Þær framkvæmdir, sem verkáætlun landshafnarstjórnar gerir ráð fyrir, eru áætlaðar kosta um 50—60 milljónir króna. Nú mun landshöfnin hafa notað þá heimild, sem veitt er í landshafnarlögum, allt að 10 millj. kr., svo að vart verður komizt af með lægri lánsheimild en 70 millj. króna.